

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 23/2001**

**frá 23. febrúar 2001**

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2000 frá 27. október 2000<sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1500/2000 frá 10. júlí 2000 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2223/96 að því er varðar útgjöld og tekjur hins opinbera<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 19d (reglugerð ráðsins (EB) nr. 2233/1996) í XXI. viðauka við samninginn:

„- **32000 R 1500:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1500/2000 (Stjtíð. EB L 172, 12.7.2000, bls. 3).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtíð. EB L 7, 11.1.2001, bls. 27 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 2, 11.1.2001, bls. 15.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. EB L 172, 12.7.2000, bls. 3.

2. gr.

Texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1500/2000 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 24. febrúar 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 23. febrúar 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes    M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

